

Nd.

530. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 5. gr. Í stað „50“ í 1. og 2. mgr. komi: 100.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:
þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 1000–9999 7–11 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 10 000–19 999 11–15 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 20 000–49 999 15–21 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri 21–27 aðalmenn.
Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
3. Á eftir 106. gr. komi ný grein er verði 107. gr. og orðist svo:
Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlags eða héraðsnefndar sem sveitarfélag er aðili að skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi.
4. Við 114. gr. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 3. mgr. komi: einstök sveitarfélög.
5. Við 122. gr. Á eftir orðunum „sameiningu sveitarfélaga“ komi: Jafnframt skal ráðuneytið hlutast til um aðstoð við sveitarfélög úr ríkissjóði í sama tilgangi þar sem sérstakar ástæður mæla með slíku.
6. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Ákvæði 5. gr. um lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi skulu ekki koma til framkvæmda fyrir en í ársbyrjun 1991. Frá og með gildistöku laga þessara og til ársloka 1990 skal lágmarksíbúatala í sveitarfélagi vera 50.